



Reykjavíkurborg
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 14.5.2025

Málsnúmer: 202504-0050

BK/RTh

Efni: Skálafell - Kýrhólsflói og Stóri-Bugðuflóa - Skipulagslýsing

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 23. apríl 2025, þar sem Reykjavíkurborg óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um lýsingu að nýju deiliskipulagi vegna uppbyggingar á landi Kýrhólsflóa og Stóra-Bugðuflóa í Skálafelli þar sem ráðgert er að reisa þrjú hótél með samtals 200 herbergjum ásamt heilsulind, líkamsræktaraðstöðu og veitingastöðum.

Auk þess er gert ráð fyrir fjölnota húsnæði með ráðstefnu- og fundarsölum, ásamt sýningarrými. Umhverfis hótélin og í tengslum við þau er gert ráð fyrir 30 íburðarmiklum einbýlis- og tvíbýlishúsum fyrir ferðafólk. Byggingar á svæðinu verða tvær til þrjár hæðir og heildarfjöldi gistirýma (hótelherbergi og villur) verður 250, fyrir utan starfsmannahúsnæði, þar sem verða um 200 íbúðir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Bent skal á að sunnan Þingvallavegar er skipulagsvæðið að miklu leyti innan svæðisins *Leirvogsvatn* sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vatnavistgerðar (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) og loftmyndir benda til þess að votlendi sé útbreitt innan svæðisins og er sá hluti sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd líklega töluvert umfangsmeiri en fram kemur á kortasjá Náttúrufræðistofnunar sem sýnir náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt áðurnefndri lagagrein (<https://serstokvernd.ni.is/>).

Hafa ber í huga að vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar byggir að miklu leyti á fjarkönnun og því er þörf á að kortleggja vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins af meiri nákvæmni á vettvangi.

Sú mósaík þurr- og votlendis sem þarna er að finna er líkleg til að standa undir töluverðum þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Talningar benda til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá vaðfuglum og er líklegt að aukin umsvif mannsins eigi þar hlut að máli en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og



forðast t.d. ýmis mannvirki sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er minni nær mannvirkjum en fjær.^{1,2} Í ljósi fækkunar mun tegundum vaðfugla í hættuflokkum fjölga við næstu uppfærslu válista fugla (Náttúrufræðistofnun, í vinnslu).

Hér er um að ræða umfangsmiklar framkvæmdir á fremur lítt röskuðu svæði. Á þessum slóðum er lítið um mannvirki fyrir utan vegi og því mun uppbyggingin hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins. Framkvæmdirnar munu fela í sér töluvert tap og uppskiptingu (e. fragmentation) á búsvæðum fugla og rask á gróðri. Þá er einnig hætt við neikvæðum áhrifum á varpfugla yfir mikið stærra svæði í formi truflunar ef um svæðið fara þýrlur nokkrum sinnum á dag.

Náttúrufræðistofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd sé þess eðlis að æskilegt væri að hún gengist undir mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

¹ Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

² Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>